

43. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL STYKKISHÓLMI
31. ÁGÚST -1. SEPTEMBER 2012



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

EFNISYFIRLIT

Dagskrá aðalfundar 2012.....	3
Fulltrúar og gestir á aðalfundi SSV 2012.....	4
Fundarsetning.....	5
Skýrslur	6
Skýrsla stjórnar	6
Skýrsla framkvæmdastjóra	11
Málefni fatlaðra - verkefnaflutningur til sveitarfélaganna.....	11
Stuðningur við endur- og símenntun sveitarfélaga.....	12
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga	12
Staða og horfur í aðildarviðræðum með áherslu á byggða- og sveitarstjórnarmál.....	13
Sóknaráætlun landshluta – samtali tveggja stjórnarsýslustiga	14
Ögmundur Jónasson, ráðherra Innanríkisráðuneytisins.....	14
Sóknaráætlun landshluta – næstu skref	17
Þemavinna í hópum.....	18
Markaðsstofa Vesturlands.....	19
Almenningssamgöngur	19
Framhald nefndarstarfa.....	20
Afgreiðsla úr nefndum og kosningar.....	20
Ályktanir um orkumál	20
Tillögur samgöngunefndar	20
Fjárhagsnefnd	20
Niðurstaða þemavinnu.....	20
Kjörnefnd	21
Fylgiskjal 1 - Ályktanir aðalfundar SSV árið 2012.....	22
Orkumál.....	23
Samgöngumál.....	24
Kjörnefnd	26
Fjárhagsnefnd	26
Stjórn og nefndir SSV	27
Fylgiskjal 2 - Fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2013.....	28

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2012

Föstudagurinn 31. ágúst 2012

- 10:00 Fundarsetning: Sveinn Kristinsson, formaður SSV
Kosning fundarstjóra, fundarritara og starfsnefnda**
(Kjörbréfanefnd, kjör-nefnd, fjárhagsnefnd og samgöngunefnd SSV)
Skýrsla stjórnar og starfsemi SSV starfsárið 2011-2012
Sveinn Kristinsson, formaður SSV
Reikningar og fjárhagsáætlun SSV 2011, 2012 og 2013
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV
Umræður og fyrirspurnir
- 11:00 Málefni fatlaðra - Starfsskýrsla ársins 2011**
Helga Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar og formaður Þjónusturáðs.
Ársreikningur Þjónustusvæðisins Vesturlands. *Hrefna B. Jónsdóttir, frkv.stj. SSV.*
Umræður og fyrirspurnir
- 11:45 Stuðningur við endur- og símenntun sveitarfélaga**
Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri Sveitamenntar
- 12:00 Hádegisverðarhlé**
- 12:45 Nefndir koma saman**
- Ávörp gesta**
- 13:10 Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga**
Umræður og fyrirspurnir
- 13:30 Staða og horfur í aðildarviðræðum með áherslu á byggða- og sveitar-stjórnarmál.**
Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðum við ESB.
Umræður og fyrirspurnir
- 14:15 Ávarp Innanríkisráðuneytis.** *Ögmundur Jónasson, ráðherra.*
Umræður og fyrirspurnir
- 14:45 Sóknaráætlun landshluta – samtal tveggja stjórnsýslustiga**
Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur í Forsætisráðuneyti
- 15:15 Kaffihlé**
- 15:40 Sóknaráætlun landshluta, næstu skref**
Hólmfríður Sveinsdóttir, Byggðastofnun, verkefnis-stjóri stýrinets ráðuneytanna
Umræður og fyrirspurnir
- 16:30 Þemavinna í hópum**
Stjórnandi: Sigurborg Kr. Hannesdóttir
- 18:00 Móttaka í boði Stykkishólmsbæjar**
- 20:00 Kvöldverður á Hótel Stykkishólmi**

Laugardagurinn 1. september 2012

- 10:00 Áframhaldandi þemavinna**
Stjórnandi: Sigurborg Hannesdóttir
- 11:30 Markaðsstofa Vesturlands**
Magnús Freyr Ólafsson, formaður
- 12:10 Almenningsamgöngur.** *Ólafur Sveinsson forstöðumaður atvinnuráðgjafar.*
Umræður og fyrirspurnir.
- 12:30 Framhald nefndarstarfa og hádegishressing**
- Niðurstaða þemavinnu kynnt**
- 13:20 Afgreiðsla úr nefndum og kosningar**
- 14:00 FUNDARSLIT**



FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2012

AKRANES

Árni Múli Jónasson, bæjarstjóri
Einar Benediktsson, bæjarfulltrúi
Guðmundur Páll Jónsson, formaður bæjarráðs
Gunnar Sigurðsson, bæjarfulltr. og stj.m.í SSV
Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari
Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstj. og form.
SSV
Þröstur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi

BORGARBYGGÐ

Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður
byggðaráðs og stjórnarmaður SSV
Jóhannes F. Stefánsson, fulltrúi sveitarstj.
Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri
Ragnar Frank Kristjánsson, forseti sveitarstj.
Finnbogi Leifsson, fulltrúi sveitarstj.

DALABYGGÐ

Guðrún Þóra Ingbórsdóttir, fulltrúi sveitarstj.
Ingveldur Guðmundsdóttir, fulltrúi sveitarstj.
Halla Steinólfsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar og
áheyrnarfulltrúi í stjórn SSV
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Halldór Kristján Jónsson, fulltrúi í hreppsn.

GRUNDARFJARÐARBÆR

Ásthildur E. Erlingsdóttir, bæjarfulltrúi
Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri
Sigurborg Kr. Hannesdóttir, bæjarfulltrúi og
stjórnarmaður í SSV
Þórður Á Magnússon, bæjarfulltrúi

HELGAFELLSSVEIT

Benedikt Benediktsson, oddviti

HVALFJARÐARSSVEIT

Hallfreður Vilhjálmsson, fulltrúi í sveitarstjórn
og stjórnarmaður SSV
Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri
Sævar Ari Finnbogason, fulltrúi í sveitarstjórn

SKORRADALSHREPPUR

Davíð Pétursson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Kristjana Hermannsdóttir, bæjarfulltrúi og
stjórnarmaður í SSV
Kristján Þórðarson, bæjarfulltrúi
Rögnvaldur Ólafsson, bæjarfulltrúi

STYKKISHÓLMSBÆR

Berglind Axelsdóttir, bæjarfulltrúi
Davíð Sveinsson, bæjarfulltrúi

Gretar D. Pálsson, bæjarfulltrúi
Guðlaug Ágústsdóttir, bæjarfulltrúi
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri
Lárus Á. Hannesson, bæjarfulltrúi og
áheyrnarfulltrúi í stjórn SSV
Þór Örn Jónsson, bæjarritari í Stykkishólmi

AÐRIR GESTIR

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV
Arnheiður Ingjaldsdóttir, sérfræðingur IRR
Ásbjörn Óttarsson, alþingismaður
Ásmundur Einar Daðason, alþingismaður
Bjarni Jónsson, formaður SSV
Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður
Einar Kristjánsson, sviðsstjóri hjá Strætó bs.
Héðinn Unnsteinsson,
stefnumótunarsérfræðingur í forsætisráðuneyti
Helga Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri
Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar og
formaður þjónusturáðs
Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri IRR
Heiðar Lind Hansson, blaðam. Skessuhorns
Hólmfríður Sveinsdóttir, Byggðastofnun,
verkefnisstjóri stýrinets ráðuneytanna,
Ingilín Kristmannsdóttir, skrifstofustjóri IRR
Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi í IRR
Jón Bjarnason, alþingismaður
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands
íslenskra sveitarfélaga
Kristín Njálisdóttir, framkv.stj. Sveitamenntar
Lilja Rafney Magnúsdóttir, alþingismaður
Magnús Freyr Ólafsson, formaður
Markaðsstofu Vesturlands
Ólína Þorvarðardóttir, alþingismaður
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, formaður
samningahóps um byggðamál
Sigurður Árnason, þróunarsv. Byggðastofn.
Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamninga-
maður Íslands í aðildarviðræðum við ESB
Smári Ólafsson, samgönguverkfr., VSÓ
Þorleifur Gunnlaugsson, formaður nefndar
ríkis og sveitarfélaga um rafræna stjórnsýslu
og lýðræði
Þurý Björk Björgvinsdóttir, sérfr. á
viðskiptasviði í utanríkisráðuneyti
Ögmundur Jónasson, ráðherra

STARFSMENN SSV

Anna Steinsen
Einar Þ. Eyjólfsson
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Margrét Björk Björnsdóttir
Ólafur Sveinsson
Vífill Karlsson



FUNDARSETNING

Sveinn Kristinsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann stakk uppá Gretari D. Pálssyni og Berglinði Axelsdóttur sem fundarstjórum og var það samþykkt. Fundarstjóri tók við fundarstjórn og kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar.

Fundarstjórar: Gretar D. Pálsson
Berglind Axelsdóttir

Fundarritarar: Anna Steinsen
Hrefna B. Jónsdóttir

Kjörbréfanefnd: Einar Benediktsson
Finnbogi Leifsson

Kjörnefnd: Kristinn Jónasson
Þróstur Þór Ólafsson
Halla Steinólfsdóttir

Fjárhagsnefnd: Páll Brynjarsson
Gyða Steinsdóttir
Sveinn Kristinsson



SKÝRSLUR

Eftirfarandi skýrslur voru fluttar:

Skýrsla stjórnar og starfssemi SSV 2011-2012

Sveinn Kristinsson, formaður SSV

Reikningar og fjárhagsáætlun SSV 2011, 2012 og 2013

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ágætu sveitarstjórnarmenn og góðir gestir

Ég mun í skýrslu minni hér á eftir gera grein fyrir helstu verkefnum stjórnar SSV og skrifstofu SSV á liðnu starfsári. Að sjálfsögðu er margt með svipuðu sniði og verið hefur, unnið hefur verið áfram að ýmsum verkefnum sem ég tíundaði í skýrslu síðasta aðalfundar, en ný verkefni og áherslur breytast auðvitað eftir því sem tíminn líður. Ég mun hér á eftir fara yfir það helsta sem á daga stjórnarinnar hefur drifið frá því að á síðasta aðalfundi. Ég ætla samt samkvæmt hefðinni að byrja á því að rifja upp hverjir hafa setið með mér í stjórninni undanfarið ár.

Stjórn SSV á starfsárinu 2011-2012

Aðalmenn

Varamenn

Björn Bjarki Þorsteinsson

Ragnar Frank Kristjánsson

Gunnar Sigurðsson

Einar Brandsson

Hallfreður Vilhjálmsson

Halla Steinólfsdóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Sigríður Bjarnadóttir

Jóhannes Stefánsson

Sigurborg Kr. Hannesdóttir

Lárus Á. Hannesson

Sveinn Kristinsson

Einar Benediktsson

Fyrst ber þess að geta að stjórnin hélt 8 fundi á starfsárinu. Þar að auki átti SSV aðild að öðrum fundum um mikilvæg efni og formaður sat ásamt starfsfólki SSV allnokkra fundi með ýmsum aðilum til að fylgja eftir málum. Einnig sótti starfsfólk skrifstofunnar fundi um þau verkefni sem ríkisvaldið leggur áherslu á um þessar mundir og ég mun greina frá hér síðar í skýrslunni.

Hér á eftir er yfirlit yfir helstu verkefni SSV á árinu.



Málefni fatlaðs fólks

Eins og við munum fluttist í ársbyrjun 2011 þjónusta við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaganna. Samningur var verður milli sveitarfélaga á svæðinu um framkvæmd og skipulag en SSV ber formlega ábyrgð á málaflokknum og framkvæmd hans. Þriggja manna þjónusturáð fer fyrir hönd SSV fyrir málaflokknum, sér um stjórnina og skipulagið. Helga Gunnarsdóttir formaður þjónusturáðsins mun hér á fundinum segja ykkur nánar frá þessu mikilvæga máli.

Ég vil geta þess að starfshópur á vegum SSV starfar nú samkvæmt erindisbréfi að skoðun og stefnumótun varðandi þetta mál og stóðu í fyrstu vonir til að hann skilaði af sér áfangaskýrslu hér á aðalfundi. Tíminn reyndist hins vegar of knappur, sumarleyfi hafa valdið töfum og niðurstaða nefndarinnar er sú að gefa sér betri tíma til að vinna skýrsluna og skila henni af sér á fundi með sveitarstjórnarfólki.

Menningarsamningur

Fyrsti menningarsamningur fyrir Vesturland var undirritaður haustið 2005. Samningurinn hefur síðan verið endurnýjaður þrisvar og gildir sá síðasti til ársloka 2013.

Í upphafi þessa árs var skrifað undir viðauka við samning um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Því miður er almennt ósætti var meðal landshlutasamtaka um skiptingu fjármagns til samningsins. Um er að ræða framlög sem tengdust safnliðum fjárlaga og voru annars eðlis en eldri samningur sem eyrnamerkur er viðburðum. Viðaukasamningur er hins vegar eyrnamerkur fjárfestingum og rekstri.

Stjórn SSV sendi frá sér bókun um málið eftir fund þann 16. feb. sl. Þar segir:

Stjórn SSV lýsir hér með vonbrigðum með úthlutun menntamálaráðherra á fjármagni til landshlutasamtakanna sem tengist safnliðum af fjárlögum. Fyrir eru samningar tengdir viðburðum. Nú er til umræðu viðbótarsamningur tengdur stofn- og rekstrarstyrkjum. Hér er um tvö gjörólík verkefni að ræða. Hið síðarnefnda er nú flutt til sveitarfélaganna af safnliðum fjárlaga og lýsir stjórn SSV undrun sinni yfir því að m.t.t. þess sé hægt að skipta fjármagni með sömu reiknireglu og fjármagni er skipt til menningarsamninga sem eru tengdir viðburðum. Stjórn SSV bendir á að sú reikniregla hefur þótt ógegnsæ og því fengið verðskuldaða gagnrýni.

Samningur sem var undirritaður en þar er um að ræða 10,3 millj.kr. framlag sem veitt skal til að efla sérstaklega starfsemi á sviði lista, safna og menningararfs. Samningurinn gildir fyrir árin 2012 og 2013.

Vaxtarsamningur

Vaxtarsamningur Vesturlands er nú á seinni hluta samningstímabilsins sem nær frá árinu 2010 til 2014. Á þessum tveimur og hálfu ári hafa 46 verkefni fengið stuðning – samtals að upphæð 65 milljóna króna. Þótt þetta séu ef til vill ekki mjög háar upphæðir er óhætt að fullyrða að í mörgum tilvikum ræður stuðningur samningsins úrslitum um hvort verkefnin verða að veruleika eða ekki.



Fjölbreytni verkefna er mikil eða allt frá strandblakvelli í Búðardal til námuvinnslu í Prestahnjúkum og gagnavers á Grundartanga. Síðustu 2-3 árin hefur verið lögð áhersla á að styrkja frekar verkefni sem með beinum hætti geta stutt við fjölgun starfa á Vesturlandi og óhætt er að segja að mjög mörg metnaðarfull verkefni hafi litið dagsins ljós.

Með tilkomu Vaxtarsamnings Vesturlands má segja að úrræðum atvinnuþróunarinnar hafi fjölgað því nú geta frumkvöðlar leitað eftir bæði ráðgjöf og fjárhagslegum stuðningi. Markvisst hefur verið unnið að aukinni samþættingu Vaxtarsamningsins og atvinnuþróunarinnar og líklegt má telja að sú þróun haldi áfram. Reynslan sýnir að forræði heimamanna yfir verkfæri eins og Vaxtarsamningnum er mjög mikilvægt og því mun SSV leggja mikla áherslu á að fá Vaxtarsamninginn endurnýjaðan þegar núverandi tímabil rennur út.

Sóknaráætlun aukið hlutverk landshlutasamtaka

Í náinni framtíð kann að blasa við okkur töluvert breytt mynd af rekstri og verkefnum landshlutasamtaka gangi áform stjórnvalda eftir um breytt fyrirkomulag á því hvernig fjármunum til margvíslegra verkefna verði veitt út um landið, en starfssvæði landshlutasamtaka á Íslandi eru átta. Hvernig við á Vesturlandi ætlum að taka nýta okkur þessar breytingar og vinna með þetta verkefni er eitt af aðalviðfangsefnum þessa fundar og verður mjög spennandi á sjá hver niðurstaða verður. Markmið breytinganna er að veita heimamönnum aukið ákvörðunarvald um val þeirra verkefna sem þeir kjósa að vinna að. Til þess hljóta heimamenn að hafa ríkan metnað og fagna því. Ég hvet því fulltrúa á fundinum sem taka fullan þátt í vinnunni hér á eftir og horfa á þetta sem tækifæri til áhrifa og stefnumörkunar. Strax á næsta ári er fyrirhugað að deila út þeim fjármunum sem nú eru veitt til atvinnuráðgjafar, vaxtasamninga, menningarsamninga og símenntunarmiðstöðva og viðbótarverkefnafé sem hefur skírskotun í sóknaráætlun landshlutans til SSV. Nú er það svo að fyrirkomulag þessa stuðningskerfis er með mismunandi hætti eftir landshlutum, en hér á Vesturlandi höfum við verið með fyrirkomulag í áratugi sem fellur vel að þessum breytingum. Okkur er því lítið að vanbúnaði að taka upp breytt vinnubrögð, slípa þarf til verklag og kalla til samráðsvettvang sem flestra hagsmunaaðila á svæðinu til að velja verkefni í sóknaráætlun Vesturlands. Hvernig það verður gert er viðfangsefni fundarins.

Það er svæðisins að ákveða hvernig þessu verður fyrir komið, önnur svæði eru að skoða málin hjá sér um þessar mundir og eru eins og gengur mislangt á vegi með það.

Starfsemi atvinnuráðgjafar

Atvinnuástand á Vesturland hefur farið batnandi á liðnu ári eins og í landinu öllu. Staða atvinnulífs endurspeglar líka ólíka samsetningu svæða innan Vesturlands þar sem atvinnulíf á suðursvæði hefur verið borið uppi af stóriðju og þjónustu í kringum hana. Hefur það svæði notið góðs af góðari í stóriðju sem tengist batnandi gengi útflutningsatvinnuvega, sem skýrir jafnframt góða stöðu í veiðum og vinnslu á Snæfellsnesi og viðunandi stöðu þar. Byggingastarfsemi sem atvinnulíf á miðsvæði byggir töluvert á er ennþá í ládeyðu og því hefur atvinnulíf verið lakara á því svæði. Hlutverk ferðaþjónustu á svæðinu hefur verið að vaxa og kemur mikilvægi hennar best í ljós yfir sumartímann, t.d. við að veita skólafólki atvinnu. Mörg fyrirtæki á svæðinu er ennþá að vinna sig út úr áföllum sem þau urðu fyrir í hrúninu og vinna við endurreisn og úrlausnir fyrirtækja t.d. hvað varðar réttarstöðu gengislána sem tekið hefur allt of langan tíma. Starfsemi atvinnuráðgjafar hefur verið með hefðbundnum hætti, mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustu atvinnuráðgjafar og mikil fjöldi



verkefna bæði smárra og stórra. Atvinnuráðgjöfin þjónar sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum með viðskiptahugmyndir þannig að í erfiðu efnahags- og atvinnuástandi eins og síðastliðin 4 ár er sjálfgefið að mikil eftirspurn er eftir þjónustu eins og atvinnuráðgjöfin veitir. Fyrir utan þjónustuverkefni fyrir þessa aðila hafa starfsmenn atvinnuráðgjafar unnið að þeim fjölmörgu verkefnum sem landshlutanum hefur verið falið að vinna að, s.s. Vaxtarsamningi, yfirtöku almenningssamganga, undirbúningi að IPA umsókn, undirbúningi að sóknaráætlun fyrir landshlutann, eflingu sveitarstjórnarstigsins o.fl., en eins og þið vitið ágætir fundarmenn þá er starfsemi atvinnuráðgjafar og landshlutasamtakanna samþætt hér á Vesturlandi og hefur verið þannig í yfir 30 ár. Það er í raun okkar styrkleiki núna þegar umræðan um samþættingu og styrkingu eininga fer fram að uppsetningin sem gert er ráð fyrir í tillögum að fyrirkomulagi að breyttum vinnubrögðum er til staðar hér. Á Vesturlandi hefur ávallt verið mikið samstarf landshlutasamtakanna, stoðkerfis atvinnulífsins og annarra þeirra stoðstofnana sem settar hafa verið á legg til stuðnings byggðaþróun og eflingu svæðisins og er hægt að nefna í því sambandi Símenntunarmiðstöðina og Markaðsstofuna. Í umræðunni um breytt vinnubrögð og samþættingu stoðkerfisins er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi það í huga að hægt verði að efla stoðkerfi landshlutanna sem halda utanum búsetu- og byggðaþróun en búsetuskilyrði eru samsett úr fjölmörgum þáttum sem allir verða að vera í lagi svo kröfur einstaklinga til búsetuskilyrða séu ásættanleg í dag. Þar getur ekki og má ekki landsbyggðin veita neina aflsætti. Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi má ekki vera hugsuð sem leið ríkisins til að skerða fjármuni til þessara mála heldur þvert á móti til að efla þennan málaflokk og nýta fjármuni betur sem er sjálfsagt mál að hafa í huga, en þannig hefur alla tíð verið unnið hér á Vesturlandi.

Markaðsstofa Vesturlands

Markaðsstofa Vesturlands er sameiginlegt félag SSV og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu á svæðinu. Þar hefur á þeim tíma sem hún hefur verið starfrækt verið unnið mikið starf í uppbyggingu á vefsvæði til kynningar landshlutanum og útgáfu á kynningarefni fyrir landshlutann og þar á að vera sameiginlegur vettvangur markaðssetningar svæðisins út á við. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein og gríðarlega mikil uppbygging hefur farið fram í innviðum greinarinnar á síðastliðnum árum og aðkoma sveitarfélaga að markaðssetningu og Markaðsstofu Vesturlands hefur að mestu leiti verið í gegnum SSV. Fyrir fundinum liggur tillaga frá stjórn SSV um aukið framlag til Markaðsstofu Vesturlands sem að hluta til verði til að auka hlutfé, með hvatningu til hagsmunasamtaka greinarinnar um að koma jafnframt með aukið hlutfé. Stjórn SSV legur fyrir fundinn tillögu um eyrnamerkt framlag til Markaðsstofunnar sem er aukið umtalsvert frá síðasta ári til þess að bæta fjárhagsstöðu þessa félags í kjölfar áfalls í rekstrinum á fyrsta starfsári þess.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA og ESB

Eins og getið var í skýrslu formanns í fyrra tekur Samband íslenskra sveitarfélaga þátt í sveitarstjórnarvettvangi EFTA og ESB. Núverandi formaður hefur sinnt þessu samstarfi ásamt Hrefnu B Jónsdóttur fyrir hönd SSV.

Haldnir hafa verið tveir fundir á árinu, sá fyrri í Brussel í haust. og sá síðari á Ísafirði í júní. Sem fyrr á sveitarstjórnarstigið mikilla hagsmuna að gæta í EES-samstarfinu, þar sem lög og tilskipanir ESB geta haft veruleg áhrif á rekstur sveitarfélaga, bæði innan ESB og EFTA. Fyrir hópnum fer sem fyrr formaður Sambands ísl. sveitarfélaga.



Með þessum fundahöldum hefur skapast vettvangur til að kynna viðhorf og áherslur sveitarfélaga í EFTA-svæðinu gagnvart kollegum okkar í ESB og við höfum orðið þess áskynja að áhugi er fyrir því að viðhalda þessu samtali á vettvangi sveitarstjórnarmanna í þessum heimshluta.

Nú mun beinni þátttöku SSV ljúka varðandi þennan vettvang en við munum væntanlega fylgjast með og beita okkar áhrifum þegar þurfa þykir.

Almenningssamgöngur

Um síðastliðin áramót yfirtók SSV með samningi við Vegagerðina rekstur á almenningssamgöngum innan Vesturlands og til og frá Höfuðborgarsvæðinu. Sama gerðu landshlutasamtökin á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Eyþing, þannig að rekstur leiðarinnar milli Reykjavíkur og Akureyrar fellur undir þetta. Farið var af stað með þeim hætti að framlengdir voru samningarnir við þann verktaka sem var með aksturinn til 31. ágúst eða s.s. dagsins í dag. Tíminn frá áramótum hefur verið nýttur til þess að hanna nýtt leiðarkerfi, tengja leið 57 milli Reykjavíkur og Akraness saman við þetta nýja leiðarkerfi og bjóða út aksturinn skv. þessu nýja fyrirkomulagi. Væntingar okkar eru miklar til þessara breytinga, gerður hefur verið samningur við Strætó BS um að annast umsjón með samningum við verktaka og samskipti við notendur þjónustunnar. Hlýtur það að verða til bóta fyrir alla notendur að eiga aðgang að svo öflugum upplýsingaumhverfi sem er hjá Strætó BS. Kosturinn við þessar breytingar eru að nú er hægt og bítandi að mótast samræmt almenningssamgöngukerfi um allt land sem verður mun notendavænna en það sem fyrir var. Það verður einnig auðveldara að bregðast við breytingum á þörfum hverju sinni og sníða kerfið að þeim þörfum sem fyrir eru. Aksturinn skv. nýja kerfinu hefst á sunnudaginn og er ég þess fullviss að hér sé stigið farsælt skref fyrir íbúa Vesturlands og landsmenn alla.

Lokaorð

Ágætu fundarmenn

Núverandi stjórn SSV þakkar fyrir samstarfið á árinu. Sem fyrr hefur stjórnin hefur unnið vel saman og samstarf við starfsmenn hefur verið með ágætum.

Nú standa mál þannig að ég mun hverfa úr stjórn og því láta af formennsku. Ég vil þakka öllum sem ég hef átt samskipti við á þessum tíma kærlega fyrir gott og gefandi samstarf.

SSV og ykkur sem nú takið við vil ég óska góðs gengis og velfarnaðar í framtíðinni.

Sveinn Kristinsson, formaður SSV

Fundastjóri þakkaði Sveini fyrir og bað kjördæmanefnd að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.



Finnbogi Leifsson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Borist höfðu kjörbréf frá 10 sveitarfélögum, vantaði frá Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppi. Finnbogi kynnti fulltrúa sveitarstjórna með nafnakalli.

Fundarstjóri þakkaði kjördæmanefnd fyrir og bað Hrefnu B. Jónsdóttur um að kynna skýrslu framkvæmdastjóra.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársreikningar og fjárhagsáætlun

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV las og skýrði endurskoðaða reikninga ársins 2011. Einnig var kynnt fjárhagsáætlun 2013.

Endurskoðaður ársreikningur 2011 er í sér skjali og fjárhagsáætlun með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundinum 2013 er í fylgiskjali 1.

Fundarstjóri þakkaði Hrefnu fyrir samantekt á reikningum og fjárhagsáætlun.

Fundastjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um ársreikninga og fjárhagsáætlun en enginn tók til máls. Að því loknu vísaði fundarstjóri ársreikningum og fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

Fundarstjóri kynnti Helgu Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar og formann þjónusturáðs.

MÁLEFNI FATLAÐRA - VERKEFNAFLUTNINGUR TIL SVEITARFÉLAGANNA

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Helgu Gunnarsdóttur fyrir erindið sitt og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir. Enginn tók til máls.

Fundastjóri kynnti Hrefnu B. Jónsdóttur sem las og skýrði ársreikning þjónustusvæðisins Vesturlands. Í framhaldi var svo ársreikningnum vísað til fjárhagsnefndar.

Fundarstjóri þakkaði Hrefnu og bauð fundarmönnum að ávarpa fundinn.

Alþingismennirnir Lilja Rafney Magnúsdóttir, Einar K. Guðfinnsson og Ólína Þorvarðardóttir tóku til máls.



Fundarstjóri bauð Kristínu Njálsdóttur, framkvæmdastjóra Sveitamenntar velkomna.

STUÐNINGUR VIÐ ENDUR- OG SÍMENNTUN SVEITARFÉLAGA

Sjá sérstakt skjal með glærum en Kristín benti einnig á slóð Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is þar sem væru frekari upplýsingar.

Fundarstjóri þakkaði Kristínu Njálsdóttir fyrir sitt erindi. Nú var komið hádegishlé en nefndir skyldu koma saman kl. 12:45 og hefja störf.

Hádegisverðarhlé

Fundastjóri, kynnti Karl Björnsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

KARL BJÖRNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Karli Björnssyni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Í fyrirspurnartíma var rætt um Innheimtustofnun sveitarfélaga, refa og minnkaveiðar og kostnað við tónlistarnám námsmanna sem flytja úr heimabyggð í annað sveitarfélag til að stunda nám. Einnig var rætt um afsláttarkort í almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem gilda eingöngu fyrir námsmenn með lögheimili þar en ekki námsmenn utan af landi sem dvelja tímabundið á svæðinu við nám. Einnig kom fram að það sé ríkjandi hjá sveitarfélögum frekar neikvæður tónn gagnvart ríkinu en byggja ætti upp jákvæða framtíðarsýn um þau verkefni sem sveitarfélögin tækju að og að þau yrðu að vera skýrt afmörkuð.

Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Því næst bauð fundarstjóri Stefán Hauk Jóhannesson, aðalsamningamann Íslands í aðildarviðræðum við ESB velkominn.



STAÐA OG HORFUR Í AÐILDARVIÐRÆÐUM MEÐ ÁHERSLU Á BYGGÐA- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Stefáni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Umræður urðu um hvort áherslur Evrópusambandsins (ESB) væru að þróast í þá átt að dregið verði úr byggðastuðningi en lögð aukin áhersla á rannsókn- og þróunarstarfsemi ásamt almennri atvinnuuppbyggingu. Hvaða áhrif þessar breyttu áherslur sem væru svar ESB við þeim vandamálum sem lönd sambandsins eigi við að stríða hefðu á byggðastuðninginn. Stefán sagði tillögur varðandi næsta tímabil (2014-2020) liggja fyrir og varðandi byggðaáætlun væru ekki veigamiklar breytingar eða samdráttur, en ekki er búið að ljúka vinnu við þessar tillögur ennþá. Varðandi landbúnaðinn var Stefán ekki með upplýsingar um hvort þar væru fyrirhugaðar áherslubreytingar. Vissi þó að rætt hafi verið hvort leggja eigi meiri áherslu á nýsköpun og nýliðun í landbúnaði, t.d. með styrkjum til ungra bænda, en hvar þetta mál væri á vegi statt var hann ekki með á hraðbergi.

Einnig var umræða um opnunarskilmála og samningsafstöðu vegna byggðakafla og landbúnaðarkafla í samningaviðræðunum og hvar þessi mál væru stödd í ferlinu. Stefán svaraði því til að byggðakaflinn væri tilbúinn til útsendingar en fram hefðu komið athugasemdir frá utanríkismálanefnd varðandi landbúnaðarkaflann og vinnu við hann og þeim athugasemdum hafi verið svarað skilmerkilega.

Rætt var um byggðastefnu og byggðastyrki og bent á að þeir væru ekki gjafir frá ESB og það kostaði líka býsna háar upphæðir fyrir jafn lítið land og Ísland að vera aðili að sambandinu. Hægt væri að breyta áætlunum í byggðamálum á okkar forsendum án hjálpar ESB. Stefán áréttaði að hann hefði ekki verið að segja að það væri ekki byggðastefna án aðildar að ESB heldur eingöngu að útskýraa hvernig byggðastefnan hjá ESB virkar og hvaða þýðingu það hefði ef Ísland gengi í sambandið. Verið væri að leggja áherslu á að fá aukinn sveigjanleika vegna þeirra annmarka sem Ísland býr við (fjarðlægð frá mörkuðu, fámenni, strjálbýli, harðbýli) í því að mótfamlög landsins verði lægri en sum ríki hafi samið um. Fordæmi sé fyrir því að ríki sem svipað sé ástatt um nóti sérkjara innan ESB.

Fram kom fyrirspurn til Stefáns varðandi það að hætta viðræðum og leggja umsóknina til hliðar. Miðað við núverandi aðstæður, pólitískt landslag og andstöðu þjóðarinnar gagnvart ESB hvort ekki væri sjálfhætt. Stefán svaraði því til að það væri stefna ríkisstjórnarinnar að leiða þessar viðræður til lykta, væri það byggt á þingsályktun sem var samþykkt á Alþingi í júlí 2009 og samninganefndin framfylgdi þeirri niðurstöðu í vinnu sinni.

Finnbogi Leifsson í Hítardal kom í ræðustól og hafði þetta til málanna að leggja:

Til Brussel er bölvuð leið
hvorki bein eða greið.
Einsýnt er allt þetta makk
ESB nei takk.



Breyting varð á dagskrá þar sem ráðherra var ekki kominn og því kynnti fundarstjóri Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðing í Forsætisráðuneytinu.

SÓKNARÁÆTLUN LANDSHLUTA – SAMTAL TVEGGJA STJÓRNSÝSLUSTIGA

Sjá sérstakt skjal með glærum

Fundarstjóri þakkaði Héðni fyrir sitt erindi.

Kaffihlé

Fundarstjóri kynnti Ögmund Jónasson, ráðherra Innanríkisráðuneytisins.

ÖGMUNDUR JÓNASSON, RÁÐHERRA INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Ráðherra var efst í huga hið góða samstarf sem innanríkisráðuneytið hefur átt við einstök sveitarfélög og landshlutasamtök, en ofar öllu við Samband íslenskra sveitarfélaga, samræmingaraðila sveitarfélaganna og landshlutasamtakanna. Það hafi komið honum þægilega á óvart þegar hann tók við ráðuneytinu í hve góðum farvegi samskipti ríkisvaldisins, sveitarfélaganna og Sambands íslenskra sveitarfélaga eru og taldi að þau samskipti færu stöðugt batnandi. Samskiptin væru orðin markvissari og það væru sífellt fleiri mál sem þessir aðilar væru að fást við í sameiningu. Þegar ráðist var í gerð frumvarps um ný kosningalög, þá unnu ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga saman að því verkefni og nú liggur sú afurð á borðinu. Þar er gert ráð fyrir auknu vægi einstaklingskosninga og að hægt verði að fara að einhverju leyti á milli lista í kosningum. Þetta er frumvarp sem er unnið algjörlega í samvinnu ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Það eru margar fleiri afurðir sem hafa verið að líta dagsins ljós og eitt hið merkilegasta mun birtast landsmönnum opinberlega á sunnudag þegar kynnt verður nýtt leiðakerfi fyrir almenningssamgöngur á svæðinu frá höfuðborgarsvæðinu og allt til Akureyrar. Strætó bs. mun annast það mál en það er sprottið af samstarfi sveitarfélaganna, landshlutasamtaka, innanríkisráðuneytisins og Vegagerðarinnar.

Ágætt samstarf er innan Jöfnunarsjóðsins þó þar skiptist á skin og skúrir eins og menn fengu að kynnast í ræðu framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga hér áðan. Ráðherra hafði borist njósn af því hvað hann hyggðist segja og að hann hafði staðið við sínar hótanir hvað það varðaði, sem væru fullkomlega eðlilegar. Framkvæmdastjórinn sé að vekja athygli á því að það sé skerðing á aukaframlaginu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ráðherra vekur athygli á því að á móti megi benda á að jöfnunarsjóðurinn standi þeim mun betur sem tekjur ríkissjóðs og hins opinbera vaxi vegna þess að tekjur jöfnunarsjóðsins séu að nokkru leyti hlutfall af þessum stærðum. Ráðherra bendir á að þessum málum sé ekki lokið og hann hlusti á það sem Samband íslenskra sveitarfélaga hafi fram að færa í þessum efnunum en einnig verði að taka tillit til þess að



Það séu fyrri hendi skuldbindingar gagnvart ýmsum sveitarfélögum sem eiga undir högg að sækja og hafa fengið samfélagslegan stuðning. Ríkið þurfi að sjálfsögðu að axla sínar skuldbindingar og því þurfi innanríkisráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, að fara nánari yfir þessi mál.

Ráðherra hefur nefnt dæmi um góðan árangur af samtarfi og langar eða nefna eitt verkefni til viðbótar, flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Af því ferli megi sitthvað læra. Uppi höfðu verið hugmyndir um þennan flutning í langan tíma. Málin voru síðan skoðuð sameiginlega og kom í ljós að helsti veikleiki við þennan flutning var að sum sveitarfélögin eru svo smá að það var hætt á því að þau gætu ekki axlað þær birgðar sem þessi þungi og erfiði málaflokkur óhjákvæmilega er. Niðurstaðan var sú að sett var regla um að einingin sem tekur við þjónustunni verði ekki með færri en 8000 íbúa. Og þetta telur ráðherra vera þróun sem tvímælalaust hefur verið að eiga sér stað hér á landi og einnig á Norðurlöndunum. Í stað þess að einblína á sameiningu sveitarfélaga, hvað þá lögboðnar sameiningar sem er nú búið að setja út af borðinu, þá er meira horft til markmiðanna, einstakra verkefna og á hvaða hátt sveitarfélögin geti sameinast við að leysa þau. Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins starfaði frá því í mars 2010 og skilaði af sér í febrúar 2011. Nefndin lét gera könnun og í niðurstöðum hennar kom í ljós að almennur vilji stjórnámálanna í sveitarfélögunum og á vettvangi landsmála hafði breyst frá fyrri könnunum að því leyti að nú voru menn fráhverfir hugmyndinni um lögþvingaða sameiningu sveitarfélaga en horfðu frekar til samstarfs landshluta þar sem starfað væri af fúsum og frjálsum vilja að einstökum verkefnum. Ráðherra sagði frá því að hann hafi verið á fundi norrænna sveitarstjórnarráðherra í síðustu viku og þar væru sömu viðhorf uppi, verið að hverfa frá lögþvingun en efna frekar til samstarfs og horfa til verkefna og markmiða. Ráðherra sagði þetta minna sig á yfirlýsingar sem að Halldór, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga gaf á landsfundi sambandsins á Hótel Sögu fyrir nokkrum mánuðum þar sem hann sagði að þessi þróun samstarfs á landshluta vísu væri að eiga sér stað óháð því sem ákveðið væri. Verkefnin einfaldlega kölluðu á þetta form og því þyrfti að skjóta lýðræðislegum stöðum undir samstarf sveitarfélaga á landshlutavísu. Þessu er ráðherra fullkomlega sammála og tekur undir sjónarmið formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga hvað þetta snerti.

Vill fara örfáum orðum um nefnd sem er undir formennsku Þorleifs Gunnarssonar og fjallar um rafræna stjórnsýslu, möguleika sem í henni felast og lýðræðismál. Nýr lagabálkur um sveitarstjórnarlög sem samþykktur var fyrr á þessu ári er eins konar stjórnarskrá fyrir sveitarstjórnarstigið. Þar er tekið er sérstaklega á lýðræðismálunum og opnað á aukna möguleika íbúa sveitarfélaga til að hafa bein áhrif á það sem þar gerist og þær ákvarðanir sem teknar eru innan vébanda sveitarfélaganna. Nú væri búið að finna tæknilegar lausnir til að ná þessu markmiði með rafrænum kosningum. Fulltrúar ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga eru að störfum í þessari nefnd sem á mikið verk fyrir höndum. Ráðherra telur frumvarp sem lagt verður fram um rafrænar kosningar í íbúaskosningum upphaf að því takmarki sem stefnt er að, að gera allar kosningar í landinu rafrænar. Ein kosning, hvort sem það er til stjórnlagabæings, stjórnarskrár eða hvað sem er, kostar okkur 2-300 milljónir sem er kostnaður sem hægt er að færa verulega niður, ef og þegar við verðum komin inn í rafrænt form. Auk þess er mjög mikilvægt fyrir borgarana að fá betri aðgang að stjórnsýslunni, opnari, auðveldari og greiðari aðgang í hinu rafræna fyrirkomulagi. Danir hafa sett sér það að markmiði að hafa alla stjórnsýslu og alla afgreiðslu sem borgarinn þarf að fá frá hinu opinbera rafræna árið 2015 og telja sig spara gríðarlega fjármuni með því móti. Mönnum reiknast til að ef okkur tekst að færa okkur frá löturpósti, þ.e.a.s. bréfi inn um lúguna, yfir í hinn rafræna póst þá munum við innan opinberrar stjórnsýslu á Íslandi spara am.k. 1 milljarð á árin þannig að þetta



er mikill sparnaður en auk þess fjölgar möguleikum á opinni stjórnsýslu með því að taka þetta fyrirkomulag upp.

Innan ráðuneytisins eru verið að leggja á ráðin um mótun innanríkisstefnu, þar sem tekið er á öllum þeim ólíku þáttum sem heyra undir ráðuneytið. Þau mörgu svið sem undir ráðuneytið falla eru mjög víðtæk en tengjast samt. Þannig er verið að freista þess að skapa heildstæða sýn ráðuneytisins á þætti sem snúa að mótun innanríkisstefnu. Horft er mjög til þess ágæta starfs sem unnið hefur verið á vegum 20/20 landsáætlunarinnar og hér var gerð grein fyrir áðan og telur ráðuherra að þar séu í burðarliðnum mjög merkilegir hlutir. Þar sé verið að reyna að skapa heildstæða sýn og smám saman að raða öllu púsluspílinu saman. Þegar gerð er samgönguáætlun núna, svo dæmi sé tekið, þá er verið að horfa til þróunar innan stjórnsýslunnar. Þegar litið er til breytinga á þjónusthlutverki sveitarfélaganna þá er einnig litið til sýslumanna og hlutverks þeirra og hvernig hægt sé að samþætta þessa þjónustu og þessa starfsemi. Ráðherra vill hvetja sveitarfélögin til að starfa að þessu verkefni, en í ráðuneytinu er í bígerð bréf sem sent verður til sveitarfélaganna þar sem kallað er eftir samstarfi við þessa stefnumótunarvinnu. Ráðherra vill aðgreina þetta ofurlítið frá sameiginlegu borði Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins þar sem hefur verið tekið markvisst á málum í ferli ákvarðanatökunnar. Hér væri meira verið að tala um almennari aðkomu og hugmyndir inni stefnumótunarvinnu.

Ráðherra telur að byggðamálin hljóti að færast undir regnhlíf innanríkisráðuneytisins. Sveitarstjórnarmál heyrðu undir ráðuneytið og það hefði tekið mikinn þátt í stefnumótunarvinnu átaksins sem kennt er við 20/20. Ráðherra vildi leggja áherslu á að það þurfi að vera nán tengsl milli sveitarstjórnarmála og byggðamála og þessi mál væru til athugunar í stjórnarráðinu. Ríkisstjórnin var búin að ákveða að Byggðastofnun skyldi vistast í atvinnumálaráðuneytinu a.m.k. til áramóta og að sett yrði á stofn nefnd til að ákveða um framtíðarvistun stofnunarinnar. Niðurstöður nefndarinnar muni liggja fyrir í desember.

Ráðherra lauk máli sínu með því að þakka boðið á fundinn og lýsti sig reiðubúinn til að svara spurningum.

Fundarstjóri þakkaði Ögmundi fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

Fyrirspurnir og umræður

Fram kom fyrirspurn varðandi aflagjald eða auðlindaskatt, hvort ekki væri eðlilegt þar sem verið væri að taka mikla fjármuni frá landsbyggðinni, að hluti þeirra komi til baka til þeirra sveitarfélaga þar sem teknanna er aflað. Hvort ekki væri eðlilegt að nota tækifærið og nýta auðlindaskattinn til að jafna stöðu íbúa á köldum svæðum sem búa við hátt orkuverð. Ráðherra svaraði því til að hann væri sammála þessari hugsun en geti litlu svarað þar sem þessi mál væru ekki á verksviði hans og hann vissi ekki hvers væri að vænta í þeim málum. Gert væri ráð fyrir að þeir fjármunir sem nú koma til viðbótar í gegnum ríkissjóð gagnist kannski landsbyggðinni frekar en þéttbýlinu, að því leyti að ráðgert er að fjármagnið fari til til stórra framkvæmda á landsbyggðinni á borð við Norðfjarðargögn, Dýrafjarðargögn, nýja brú yfir Ölfusá, og Vestmannaeyjaferju. Gert er ráð fyrir að þessir fjármunir renni frá sjávarútveginum í gegnum ríkissjóð, en þetta er ekki einhlýtt, t.d. ætti að reisa fangelsi í Reykjavík með þessum fjárumun.



Einnig kom fram fyrirspurn varðandi hjólreiða- og göngustíga. Hvort t.d. Borgarbyggð geti fengið samning líkan samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar um verkefni er snúa að göngu- og hjólreiðastígum. Ögmundur svaraði því til að varðandi hjólreiða- og göngustíga væri megináherslan á þéttbýlissvæðin á suðvestur horninu því megnið af fjármunum sem veitt er í þennan málaflokk hafi farið þangað. Var þetta valkostur við Sundabraut eða dýrar framkvæmdir, ekki viðbótarfjármagn. Þessir fjármunir fara ekki allir til höfuðborgarsvæðisins, einhverjir fjármunir fóru til annara svæða, ekki mikið þó. Ráðherra sér ekki fyrir sé að hægt sé að ná samningum við Vegagerðina um viðbótarfjármagn til göngu- eða hjólreiðastíga, það yrði þá annað að víkja þar sem búið væri að setja fjárlagaramman og því eingöngu tilfærslur innan hans sem kæmu til greina.

Vegagerðin vildi setja meira fjármagn til tengivega en krafan á hendur fjárveitingavaldinu hefur verið ríkust gagnvart dýrum framkvæmdum á borð við jarðgöng eða stórar brýr. Meðan þessi krafa er eins rík og raun ber vitni verður minna fjármagn til skiptanna í önnur verkefni, en þarna þarf auðvitað að fara bil beggja. Ráðherra nefndi að fjármagn til vegagerðar væri ekki mikið á svæðinu en þó um 500 millj. til tengivega. Ráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að ekki ætti að taka of mikið fjármagn af tengivegum og huga þyrfti að gerð hjóla- og göngustíga.

Rætt var um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga og þá hvort flutningurinn sé til sveitarfélaga eða landshlutasamtaka og spurning hvort þau hefður nægilega lýðræðislega uppbyggingu til að taka við þessum auknum verkefnum og hvort það væri þá verið að byggja upp þriðja stjórnarsýslustigið.

Fundarstjóri þakkaði Ögmundi og kynnti Hólmfríði Sveinsdóttur hjá Byggðastofnun, verkefnisstjóra stýrinets ráðuneytanna.

SÓKNARÁÆTLUN LANDSHLUTA – NÆSTU SKREF

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fundarstjóri þakkaði Hólmfríði fyrir erindið og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um erindi hennar og Héðins Unnsteinssonar.

Fyrirspurnir og umræður

Rætt var um hvort vinnubrögð varðandi sóknaráætlun landshluta hafi verið nægilega lýðræðisleg og hvort ekki þurfi að endurskoða lýðræðisfyrirkomulag landshlutasamtakanna. Í landshlutasamtökum eigi ekki öll sveitarfélög fulltrúa og oftast eingöngu fulltrúar meirihlutans en ekki minnihlutans. Það sé spurning hvort ekki þurfi að kanna hvort allar sveitarstjórnirnar vilji taka þátt í þessu verkefni. Umræða í sveitarfélögunum sjálfum hafi ekki verið mikil og þessi vinna hafi að mestu farið fram í gegnum landshlutasamtökin. Rætt var um hlutverk landshlutasamtakanna og bent á að það væri þeirra hlutverk að kynna verkefnið fyrir sveitarstjórnnum. Rætt var um hvort þær breytingar sem felast í flutningum verkefna frá ríki til sveitarfélaga í gegnum landshlutasamtökin leiddu til þess að landshlutasamtökin yrðu þriðja stjórnarsýslustigið og hvort landshlutasamtökin væru þá í stakk búin til að taka við þeim verkefnum sem væri verið að færa til þeirra.



Grunnhugmyndin að sóknaráætlun landshluta sé sú að landshluti sé ein heild sem útdeili og dreifi fjármunum og ráði sínum málum. Þannig sé verið að færa völd og áhrif heim í hérað, þar sem verkefnunum er forgangsraðað og fjármunum dreift í samræmi við það. Hægt sé að líta á þetta sem mikla einföldun og gríðarlegt tækifæri fyrir landsbyggðina og sveitarstjórnir. Í framhaldi var rætt hvort ekki væri hægt að koma á skipulagi sem tekur á þeim lýðræðishalla sem gagnrýnin snýst um og skilgreina þyrfti betur hlutverk landshlutasamtakanna. Það sé lykilatriði hvernig þessi vinna fari fram og mikilvægt að það endi ekki sem skrifræðisbákn sem erfitt yrði að halda utan um, en í þessum verkefnaflutningum felist líka tækifæri til að breyta vinnubrögðum.

ÞEMAVINNA Í HÓPUM

Stjórnandi: Sigurborg Kr. Hannesdóttir.

Hópa­vinnan stóð yfir fram til kl. 18:00 en þá var gert hlé á fundinum til kl. 10 næsta morgun.

Móttaka í boði Stykkishólm­bæjar

Móttaka var í boði Stykkishólmsbæjar. Fyrst var farið í Stykkishólmskirkju og hlýtt þar á orgelleik, en kirkjan eignaðist nýlega nýtt 22 radda pípuorgel. Síðan var farið á Eldfjallasafnið þar sem Haraldur Sigurðsson tók á móti gestunum og var með leiðsögn um safnið. Stykkishólmsbær bauð upp á léttar veitingar á Eldfjallasafninu.

Áframhaldandi þemavinna

Fundur hófst aftur á laugardagsmorgni kl. 10 með áframhaldandi þemavinnu

Niðurstaða þemavinnu kynnt

Fulltrúi hvers hóps í þemavinnunni greindi frá helstu umræðuefnum og niðurstöðum hópsins. Stjórnandi þemavinnunnar Sigurborg Kr. Hannesdóttir gerði samantekt um þemavinnuna og niðurstöður hennar sem fylgja í sérstöku skjali.

Að loknum kynningum þemahópanna á niðurstöðum þeirrar vinnu sem fram hafði farið kynnti fundarstjóri Magnús Frey Ólafsson, formann Markaðsstofu Vesturlands.



MARKAÐSSTOFA VESTURLANDS

Sjá sérstakt skjal með glærum.

Fyrirspurnir og umræður

Magnús Freyr svaraði fyrirspurnum en framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vesturlands, Rósa Björk Halldórsdóttir kom einnig í pontu og svaraði fyrirspurnum. Rætt var um hve margir rugli saman Vesturlandi og Vestfjörðum og eigi það við um Íslendinga en útlendingar horfi á Ísland sem eina heild og því trúfli þetta ekki þeirra upplifun. Umræða var um að við værum eftirbátar Suðurlands og að einhverju leiti líka Norðurlands, þessum stóru svæðum sem draga til sín ferðamennina. Það myndi styrkja ferðaþjónustuna að setja upp hringvegi t.d. „demantshring“ á Snæfellsnesi og eins myndi gagnast að tengja Suður- og Vesturland með Uxahryggjaleið. Það þyrfti að samræma og bæta þjónustustig, t.d. opnunartíma yfir vetrartímann. Einnig var minnst á gjaldtöku á ferðamannastöðum.

Fundarstjóri þakkar Magnúsi Frey fyrir erindi sitt og gaf orðið Ólafi Sveinssyni, forstöðumanni atvinnuráðgjafar sem fjallar um almenningssamgöngur.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Ólafur Sveinsson gerði grein fyrir verkefninu sem lýtur að almenningssamgöngum. Gerður var samningur um almenningssamgöngur við Vegagerðina frá síðustu áramótum. Samningar voru framlengdir til 1. september við þá verktaka sem voru með samninga um síðustu áramót. Í byrjun október byrjar nýtt kerfi varðandi Norðurleiðina Reykjavík–Akureyri og til þéttbýlisstaða á Vesturlandi. Norðurleiðin er samstarfsverkefni fjögurra landshlutasamstaka; Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjórðungssambands Vestfjarða, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Eyþings.

Vinnuhópur um almenningssamgöngur var settur á stofn þar sem öllum sveitarfélögum á Vesturlandi var gefinn kostur á því að taka þátt. Fljótlega varð hópurinn sammála um að leyta til Strætó bs. til að annast umsjón og skipulagningu almenningssamgangna á svæðinu og eins til að komast í það kerfi og viðmót sem þar er til staðar. Kerfið og viðmótið sem Strætó bs. notar hefur verið í þróun hjá fyrirtækinu um nokkurn tíma, virkar mjög vel og er stórt skref framávið fyrir notendur þjónustunnar. Akranes framseldi sinn þjónustusamning við Strætó bs. varðandi leiðina Reykjavík-Akranes til SSV frá og með 1. júní og er því sú leið einnig hluti af kerfinu.

Ólafur gaf síðan Einari Kristinssyni og Smára Ólafssyni frá Strætó bs. orðið, til að útskýra hvernig kerfið virki og til að svara fyrirspurnum. Einar tók til máls og kynnti almenningssamgangnakerfið hjá Strætó bs. Hann tók það fram að fyrirtækið veitir sérfræðiráðgjöf en ákvörðunarvaldið væri algjörlega hjá heimamönnum. Einar fór svo yfir hvaða upplýsingar væru fyrir hendi í kerfi Strætó bs. og hvernig væri best að nota það. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum ásamt Smára.



Fyrirspurnir og umræður

Í fyrirspurnatíma var rætt um pöntunarþjónustu á Snæfellnesi, gildistíma skiptimiða og nettengingu í vögnunm. Ákveðið var að byrja með því að hafa pöntunarþjónustu en ef eftirspurn verði mikið þá verði þetta fastar ferðir, fer eftir því hvernig þróunin verður. Skiptimiðar eiga að gilda í u.þ.b. 2 klst. Netþjónusta sé í öllum vögnum á aðalleiðum, en ekki á stubbaleiðunum (innanhéraðsakstur). Einnig voru spurningar og svör um áætlun, einstakar tímasetningar o.þ.h. Smári benti á að fulltrúar sveitarfélaganna þyrftu að vera duglegir að tala um þjónustuna og benda á kosti hennar. Nú í byrjun hefði umræðan ekki alltaf verið á jákvæðum nótum, þessu þyrfti að breyta og þyrftu allir að hjálpast að við það.

Hádegishressing

FRAMHALD NEFNDARSTARFA

AFGREIÐSLA ÚR NEFNDUM OG KOSNINGAR

ÁLYKTANIR UM ORKUMÁL

Samþykktar. Sjá fylgiskjal 1.

TILLÖGUR SAMGÖNGUNEFNDAR

Samþykktar. Sjá fylgiskjal 1.

FJÁRHAGSNEFND

Ársreikningur SSV – samþykktur. Sjá sér skjal.

Ársreikningur Þjónustsvæðisins Vesturlands – samþykktur. Sjá sér skjal.

Fjárhagsnefnd samþykkti vegna ársins 2013 að fastagjaldið verði 330.000 og 165.000 eftir stærð sveitarfélaga en lagði til að gjald pr. íbúa yrði 915 kr. í stað 1000 kr. sem lagt hafði verið til í fjárhagsáætlun. Þessi lækkun samsvarar u.þ.b. 1.344.000 sem er sú aukning á framlagi til Markaðsstofunnar sem lögð var til í fjárhagsáætlun. Lagði nefndin til að þessi fjárhæð yrði tekin af handbæru fé en ekki rekstrargjöldum þannig að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar yrði sú sama. Þetta aukna framlag er skilyrt til aukningar á hlutfé SSV í Markaðsstofu Vesturlands. Fjárhagsáætlun var samþykkt með þessum breytingum. Sjá fylgiskjal 2.

NIÐURSTAÐA ÞEMAVINNU

Varðandi niðurstöður þemavinnunnar var samþykkt að senda niðurstöðurnar til stjórnar SSV. Sjá sér skjal með niðurstöðunum.



KJÖRNEFND

Samþykktar tillögur. Sjá fylgiskjal 1.

Fundarstjóri gaf Lárusi Ástmari Hannesyni, forseta bæjarstjórnar Stykkishólms orðið.

Lárus óskaði nýkjörnum formanni til hamingju og þakkaði fráfarandi formanni vel unnin störf. Hann þakkar einng fyrir hönd bæjarins fundargestum fyrir heimsóknina, lýsir ánægu með nýtt fyrirkomlag á fundinum og óskar fólki góðrar heimferðar.

Fundarstjórar þakkar fyrir góðar móttökur í Stykkishólmi, óskar nýjum formanni til hamingju og gefur Sveini Kristinssyni, fráfarandi formanni SSV orðið.

Sveinn óskaði nýkjörinni stjórn og formanni til hamingju. Hann sagði að nú væri annasamt tímabil framundan hjá stjórn SSV og sveitarstjórnarmönnum og óskar öllum velfarnaðar í þeim störfum. Nú væri annasömum, skemmtilegum og uppbyggjandi fundi lokið, ítrekað þakkir til fundarmann og lýsti ánægju sinni með móttökur og aðbúnað í Stykkishólmi. Að því loknu óskaði hann fundarmönnum góðrar heimferðar og sagði þinginu slitið.

Fundi slitið



FYLGISKJAL 1 - ÁLYKTANIR AÐALFUNDAR SSV ÁRIÐ 2012

Ályktanir aðalfundar SSV 2012

AÐALFUNDUR HALDINN Í HÓTEL STYKKISHÓLMI

31. ÁGÚST – 1. SEPTEMBER 2012



ORKUMÁL

Jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku til almennra nota.

Aðalfundur SSV haldinn í Stykkishólmi 31.ágúst – 01.sept 2012 skorar á Alþingi að jafna að fullu raforkuverð til almennra notenda í dreifbýli til jafns við raforkuverð til almennra notenda í þéttbýli.

Með nýrri skipan raforkumála voru samþykkt sérstök lög, nr. 98 /2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Þar kemur fram að: *Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda.*

Í lögunum segir m.a.: *Greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. [17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.](#)*

Í lögunum stendur einnig: *Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda á orkueiningu sé umfram viðmiðunarmörk sem ráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarkna skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrár undanskildum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.*

Þegar lögin tóku gildi í upphafi árs 2005 var veitt 230 mkr. í þennan málaflokk. Gert var ráð fyrir að sú upphæð dygði til að verðjafna, sem þó reyndist ekki alveg duga, milli dreifbýlis og þéttbýlisgjaldskrár hjá dýrustu þéttbýlisveitunni. Í dag er veitt 240 mkr. í þennan málaflokk, en þyrfti að vera um 1100 mkr. til að jafna muninn alveg. Ef þessi munur væri jafnaður yrði raforkuverð til heimila á Íslandi nánast það sama um allt land.

Niðurgreiðslur til húshitunar

Aðalfundur SSV haldinn í Stykkishólmi 31.ágúst – 01.sept 2012 skorar á Alþingi að fara að tillögum varðandi niðurgreiðslur til húshitunar sem starfshópur á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur skilað í „**Skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar (des 2011)**“ og tekur aðalfundur SSV eindregið undir þær tillögur sem þar eru settar fram.

Í dag eru hitaniðurgreiðslur skv. fjárlögum um 1200 mkr. Sú upphæð hefur lítið breyst á undanförunum árum, en var um 900 mkr á árinu 2005. Skv. tillögum starfshóps um breytingar á niðurgreiðslunum þarf um 1700 mkr. í þessar niðurgreiðslur.



SAMGÖNGUMÁL

Aðalfundur SSV, haldinn í Borgarbyggð 31. ágúst og 1. september 2012 leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál:

Aðalfundur SSV leggur enn og aftur ríka áherslu á að þau verkefni sem komin voru inn á skammtíma og langtíma vegaáætlun verði þau verkefni sem sett verði í forgang þegar vegaáætlun verður endurskoðuð. Brýnt er að ljúka þeim verkefnum áður en farið verður í önnur, sbr. lög um samgönguáætlun nr. 33/2008.

Rammaáætlun um vegagerð

Aðalfundur SSV leggur áherslu á að unnin verði rammaáætlun fyrir vegagerð. Með áætlun sem unnin er til langs tíma skapast möguleikar á því að undirbúa vel þær framkvæmdir sem t.d. þurfa að fara í umhverfismat. Rammaáætlun auðveldar allt skipulag veglína til framtíðar.

Stofnvegir – dreifbýl svæði – vegakerfið

Aðalfundur SSV minnir á mikilvægi þess að stofnvegur í landshlutanum verði byggður upp þannig að burðargeta veganna og öryggi vegfarenda verði fullnægjandi. Mikilvægt er að bæta tengingar innan landshlutans með tengingu Snæfellsnes og Dalabyggðar um Skógarströnd.

Tengivegir – dreifbýl svæði – vegakerfið

Aðalfundur SSV skorar á þingmenn að hafa í huga við gerð nýrrar vegaáætlunar, að á meðan fjármagn er ekki fyrir hendi í breikkun Vesturlandsvegur, þá verði því fjármagni sem sett er í nýframkvæmdir veitt í tengi- og héraðsvegi Vesturlands, sem eru flestir malarvegir í mismunandi ásigkomulagi. Svæðið er dreifbýlt og mikil þörf er á að endurgera vegi og auka við slitlag. Mikilvægt er að bæta tengingu við aðra landshluta með tengingu Borgarfjarðarbrautar að Þingvöllum um Uxahryggjaleið.

Um NV kjördæmi liggja um 39% (5000 km.) af heildarvegakerfi landsins. Þar af eru tengivegir 1300 km og af þeim liggja um 500 km um Vesturland. Til samanburðar má nefna að um Suðurland liggja um 28% vega landsins.

Fjármagn til viðhaldsverkefna

Aðalfundur SSV bendir á að fjármagn til viðhaldsverkefna í vegagerð er óviðunandi. Vegakerfi sem hefur verið byggt upp á síðustu árum þarfnast viðhalds og eru fjármunir til viðhaldsverkefna engan veginn í samræmi við þörfina. Smærri verkefni geta skilað meiru til byggðanna og atvinnulífsins.



Viðhald, vetrarþjónusta og umferðaröryggi

Aðalfundur SSV áréttar við stjórnvöld að huga að verkefnum sem tengjast vetrarþjónustu. Viðhald á vegakerfinu og vetrarþjónusta verður að vera fullnægjandi og má ekki koma niður á öryggi vegfarenda. Gera þarf úrbætur við hættuleg vegamót við stofnvegi á Vesturlandi.

Reiðvegir

Mikilvægt er að byggja upp og lagfæra reiðvegi á Vesturlandi í þágu íbúa, starfsmanna tamningabúa og ferðamanna. Hestamennska tengd ferðaþjónustu hefur aukist verulega á síðustu árum. Mikilvægt er að stýra umferð hestahópa betur m.a. með því að leggja reiðleiðir sem liggja fjarri vélknúinni umferð. Einnig er æskilegt að útbúa áningastaði betur úr garði en nú er gert, t.d. með góðu aðhaldi fyrir hestahópa.

Veggirðingar

Mikilvægt er að Vegagerðin girði búfjárheldar girðingar meðfram vegum landsins og viðhaldi verði sinnt vegna öryggis vegfarenda.

Breiðafjarðarferjan Baldur

Aðalfundur SSV leggur ríka áherslu á aukinn stuðning við rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Mikilvægt er með tilliti til ástands vega, fiskflutninga, ferðaþjónustu á svæðinu og reksturs skólaútibús Fjölbautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði að tryggja áframhaldandi rekstur ferjunnar allt árið.

Flugmálaáætlun

Samgöngunefnd SSV leggur áherslu á mikilvægi viðhalds á flugvöllum á Vesturlandi m.t.t. öryggis og þjálfunarflugs.

Fjarskiptamál

Aðalfundur SSV gerir kröfu um að tryggð verði aukin gæði nettenginga, sjónvarps-og útvarpssendinga á Vesturlandi í samræmi við stefnumörkun fjarskiptaáætlunar og að farsímaþjónusta verði tryggð án undantekninga. Slakar nettengingar, lélegar sjónvarpssendingar og ófullnægjandi GSM samband stendur víða í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja, sérstaklega í ferðaþjónustu og veikir þar með búsetu.



Á sumum svæðum þarf að endurskilgreina markaðssvæði fjarskiptafyrirtækja og auka þarf eftirlit með gæðum nettenginga.

Samantekt hefur verið unnin á vegum SSV – þróun og ráðgjöf, „Ástand fjarskipta á Vesturlandi“. Fjarskipti eru meðal áhersluatriða í Sóknaráætlun 20/20 og er um er að ræða samantekt sem beindi sjónum að ástandi fjarskipta á Vesturlandi – sérstaklega í hinum dreifðu byggðum og lögð sé áhersla á framtíðarlausnir.

Niðurstaðan sýnir að margt hafi áunnist síðustu ár en víða er langt í land með að nettengingar og önnur fjarskipti séu viðunandi. Margir staðir njóta ekki þeirrar lágmarks netþjónustu sem tilskilin er í Fjarskiptaáætlun og víða úti á landi hefur „markaðurinn“ reynst ófær um að veita þá þjónustu sem reiknað var með.

KJÖRNEFND

Sjá næstu síðu.

FJÁRHAGSNEFND

Sjá ársreikning SSV. Sjá sér skjal.

Sjá ársreikning Þjónustusvæðisins Vesturlands. Sjá sér skjal.

Sjá fjárhagsáætlun (fylgiskjal 2)



STJÓRN OG NEFNDIR SSV

STJÓRN SSV

AÐALMENN

Björn Bjarki Þorsteinsson
Gunnar Sigurðsson
Hallfreður Vilhjálmsson
Jón Þór Lúðvíksson
Sigríður Bjarnadóttir
Sigurborg Kr. Hannesdóttir
Ingibjörg Valdimarsdóttir

VARAMENN

Ragnar Frank Kristjánsson
Einar Brandsson
Halla Steinólfadóttir
Kristín Björg Árnadóttir
Jóhannes Stefánsson
Lárus Á. Hannesson
Einar Benediktsson

FORMAÐUR STJÓRNAR: GUNNAR SIGURÐSSON

ÁHEYRNARFULLTRÚAR Í STJÓRN: HALLA STEINÓLFSDÓTTIR OG LÁRUS Á. HANNESSON

SKOÐUNARMENN

AÐALMENN

Eiríkur Ólafsson
Laufey Jóhannsdóttir

VARAMENN

Jón Pálmi Pálsson
Davíð Pétursson

SAMGÖNGUNEFND

AÐALMENN

Davíð Pétursson
Finnbogi Leifsson
Guðmundur Vésteinsson
Þórður Þórðarson
Kristinn Jónasson
Berglind Axelsdóttir
Ingveldur Guðmundsdóttir

VARAMENN

Gretar D. Pálsson
Jóhannes Stefánsson
Guðmundur Páll Jónsson
Einar Brandsson
Kristján Þórðarson
Þórður Á. Magnússon
Ása Helgadóttir

FULLTRÚI SSV Í STJÓRN FERÐAMÁLASAMTAKA VESTURLANDS

AÐALMENN

Arnheiður Hjörleifsdóttir

VARAMENN

Hrefna B. Jónsdóttir

MARKAÐSSTOFA VESTURLANDS

AÐALMENN

Ólafur Sveinsson

VARAMENN

Hrefna B. Jónsdóttir

FULLTRÚI SSV Í SAMVINNUNEFND MIÐHÁLENDIS

AÐALMENN

Snorri Jóhannesson

VARAMENN

Hrefna B. Jónsdóttir

FJÖLIÐJAN

AÐALMENN

Guðrún Fjeldsted

VARAMENN

Magnús Guðmundsson



FYLGISKJAL 2 - FJÁRHAGSÁÆTLUN SSV FYRIR ÁRIÐ 2013



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2013

Í þús.kr.	Raun 2011	Áætlun 2012	%	Endursk. áætl.2012	%	Áætlun 2013	%
Rekstrartekjur							
Árgjöld sveitarfélaga	15.497	16.246	23,6%	16.251	19,6% [▼]	16.843	20,1%
- SSV hlutur		13.746	84,6%	13.751	84,6%	14.337	85,1%
- Markaðsstofa		2.500	15,4%	2.500	15,4%	2.506	14,9%
Framlag Jöfnunarsjóðs	19.440	18.400	26,8%	20.651	24,9%	21.477	25,6%
Framlag Byggðastofnunar	18.632	18.123	26,4%	19.485	23,5%	20.264	24,2%
Styrkir vegna sérverkefna (+erl.)	1.243	9.000	13,1%	18.906	22,8%	18.320	21,8%
Tekjur atvinnuráðgjafar	4.597	6.000	8,7%	6.661	8,0%	6.000	7,2%
Aðrar tekjur	6.376	1.000	1,5%	1.000	1,2%	1.000	1,2%
	65.785	68.769	100,0%	82.954	100,0%	83.904	100,0%
Rekstrargjöld							
Laun og tengd gjöld	45.236	48.084	66,3%	48.592	58,8%	50.936	60,7%
Annar rekstrarkostnaður	18.355	21.000	29,0%	26.261	31,8%	25.882	30,9%
Gjöld vegna sérverkefna	1.048			4.403	5,3%	3.500	4,2%
Markaðsstofan	2.400	2.500	3,4%	2.500	3,0%	2.506	3,0%
Afskriftir	672	900	1,2%	927	1,1%	1.043	1,2%
	67.711	72.484	100,0%	82.683	100,0%	83.867	100,0%
<i>Rekstrartap fyrir fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)</i>	-1.926	-3.715		271		37	
Vaxtatekjur og arður	1.221	1.000		795		650	
Bankak.og fjárm.t.sk.	-285			-470		-620	
Niðurf. Hluttaff í Vesturlandsst.ehf.	-1.000						
Fjármunatekjur (gjöld) samtals	-64	1.000		325		30	
Hagnaður/tap ársins	-1.990	-2.715		596		67	